

Nd.

## 111. Nefndarálit

[8. mál]

um frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, og húseignunum nr. 15 við Tómasarhaga í Reykjavík, nr. 18 við Brekkugötu í Hafnarfirði og nr. 2 við Vesturbraut í Grindavík.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum. Komu þegar fram þær athugasemdir við sölu Setbergs, að undir jörðina heyri Melrakkaey í Grundarfirði. Sé hún ein af fuglasælustu eyjum við landið og beri að friða hana, en ekki selja úr eigu ríkisins. Þessi skoðun er studd í álitserðum Náttúruverndarráðs, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Hins íslenska náttúrufræðifélags. Hefur Náttúruverndarráð þegar formlega lagt til, að eyjan verði friðlýst samkv. c-lið 1. gr. laga um náttúruvernd, nr. 48 frá 1956.

Meiri hl. n. leggur því til, að Melrakkaey verði undanskilin við sölu Setbergs til núverandi ábúanda. Landnámsstjóri hefur og mælt með sölu jarðarinnar.

Um aðra liði 1. gr. hefur meiri hl. ekki athugasemdir að gera, nema hvað þeir sýna þörf nýrrar löggjafar um embættisbústaði. Frv. um það mál er nú undirbúið á vegum ríkisstjórnarinnar.

Meiri hl. n. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

### BREYTINGU:

Við 2. málslið 1. gr. bætist: að undanskilinni Melrakkaey.

Alþingi, 6. des. 1967.

Benedikt Gröndal,  
form., frsm.

Bjartmar Guðmundsson,  
fundaskr.

Ingvar Gíslason.

Gunnar Gíslason. Birgir Kjaran.

### Fylgiskjal I.

#### NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Reykjavík, 15. nóv. 1967.

Eftir móttöku erindis hins háa Alþingis, dags. 2. nóv., þar sem óskað er umsagnar ráðsins um frv. til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Setbergs í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu, skal frá því skýrt, að náttúruverndarráð hefur á fundi sínum í gær einróma samþykkt eftirfarandi tillögu:

„Náttúruverndarráð er því meðmælt, að Melrakkaey verði framvegis í eign ríkisins, og gerir það að tillögu sinni, að eyjan verði ekki látin fylgja með, ef til sölu jarðarinnar Setbergs kemur. Jafnframt samþykkir ráðið að leggja til við menntamálaráðuneytið, að eyjan verði friðlýst samkvæmt c-lið 1. gr. laga um náttúruvernd, nr. 48 frá 1956.“

Um rökstuðning fyrir tillögu þessari vísar ráðið til umsagnar dr. Finns Guðmundssonar f. h. Náttúrufræðistofnunar Íslands um sama efni, sem hér með fylgir í ljósriti.

Með virðingu,  
Birgir Kjaran,  
formaður.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

## Fylgiskjal II.

### NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ

13. nóvember 1967.

Hæstvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 2. þ. m., óskað umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um frv. til l. um sölu nánar tiltekinna ríkiseigna.

Um sölu húseignanna í Reykjavík, Hafnarfirði og Grindavík verður ekki rætt nánar hér, enda geri ég ráð fyrir, að ósk um umsögn Náttúrufræðistofnunarinnar um umrætt lagafrumvarp sé einkum fram komin vegna fyrirhugaðrar sölu prestssetursjarðarinnar Setbergs á Snæfellsnesi.

Það skal strax tekið fram, að Náttúrufræðistofnunin hvorki vill né getur dæmt almennt um réttmæti þess að selja jarðir, sem nú eru í ríkiseign. En hins vegar hefur prestssetursjörðin Setberg þá sérstöðu, að til hennar telst Melrakkaey á Grundarfirði, en í þeirri ey er sennilega auðugara og fjölbreyttara fuglalíf en í nokkurri annarri sambærilegri ey við Íslands strendur. Má meðal annars geta þess, að þar er bæði æðarvarp og lundavarp og þar verpa auk þess hvítmáfur, svartbakur, rita, kría, dílaskarfur, toppskarfur, teista og fýll. Að meðtöldum nokkrum tegundum, sem minna er af, verpa alls 15 tegundir í þessari litlu ey. Sökum hins sérstæða fuglalífs í Melrakkaey hefur þegar verið um það rætt að friðlýsa eyna samkv. c-lið 1. gr. náttúruverndarlaga, en ástæðan til þess, að ekki hefur enn verið gripið til friðunaraðgerða, er einkum sú, að fuglalífi eyjarinnar var ekki talin hættu búin, meðan núverandi ábúandi sæti jörðina, en hér á ég við séra Magnús Guðmundsson sóknarprest. Bæði hann og maður sá, sem hirt hefur hlunnindi eyjarinnar fyrir hans hönd, hafa látið sér einkar annt um að vernda hið sérstæða fuglalíf. Má segja, að hlunnindi eyjarinnar hafi vart verið nytjuð að öðru leyti en því, að æðardúnn hefur verið hirtur. Dúntekjan hefur numið frá 7—13 kg á ári hin síðari ár, en hefur þó komið niður í 3 kg, ef varpið hefur orðið fyrir óvæntum skakkaföllum.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið sagt, mundi ég telja það mjög óheppilegt, ef Melrakkaey kæmist í einkaeign. Ef prestssetursjörðin Setberg verður seld, legg ég því til, að Melrakkaey verði ekki látin fylgja með í sölnunni. Ef vandkvæði væru á þessu sökum fyrirmæla annarra laga um, að ekki megi skilja hlunnindi frá jörð, kæmi vel til greina að friðlýsa eyna nú þegar, en það virðist liggja í augum uppi, að friðlýst landsvæði í eigu hins opinbera megi ekki selja.

Virðingarfyllt,

F. h. Náttúrufræðistofnunar Íslands,  
Finnur Guðmundsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

## Fylgiskjal III.

### HIÐ ÍSLENZKA NÁTTÚRUFRAEÐIFÉLAG

Reykjavík, 25. nóvember 1967.

Tillaga um að friðlýsa Melrakkaey á Snæfellsnesi.

Náttúruverndarnefnd Hins íslenska náttúrufræðifélags leggur til, að Melrakkaey á Grundarfirði á Snæfellsnesi verði friðlýst.

### Greinargerð:

Melrakkaey í mynni Grundarfjarðar á Snæfellsnesi er ein af fimmtíu eyjum á Breiðafirði, sem byggðar hafa verið, þótt hún sé komin í eyði fyrir allöngu. Hún er 7 m. y. s. m., um 400 m löng frá norðri til suðurs og um 300 m breið frá austri til vesturs, auk allmikils malarrifs, er gengur norðvestur úr eyjunni. Hún er öll grasi-vaxin, utan rífið. Melrakkaey er ein af fuglasælustu eyjum Breiðafjarðar, m. a. hvað fjölda tegunda snertir. Þar munu verpa a. m. k. 15 tegundir fugla.

Nefndin telur mikils um vert að varðveita þetta mikla og fjölskrúðuga fuglalíf í Melrakkaey og stuðla að eðlilegri og náttúrulegri þróun þess í framtíðinni. Þeim tilgangi telur nefndin, að bezt verði náð með algjerri friðun eyjarinnar.

Flestir Íslendingar hafa nokkurn metnað fyrir hönd áttuga sinna og heima-byggðar og vilja veg þeirra sem mestan. Það er lofsverður eiginleiki og hefur komið mörgu góðu málefni í höfn. T. d. hefur nú svo að segja hvert hérað landsins komið upp eigin byggðasafni, þar sem ýmisleg menningarleg og atvinnuleg sérkenni koma fram og varðveitast. Á sama hátt ætti það að vera hverju byggðarlagi metnaðarmál að stuðla að verndun og friðun staða, sem á einhvern hátt eru sérkennandi fyrir það eða þýðingarmiklir frá náttúrulegu sjónarmiði, svo sem hvað jarðmyndun snertir, gróðurfar eða fuglalíf. Þess vegna er ástæða til að ætla, að Breiðfirðingar, sem aldrei eru upp í mestu fuglaparadís landsins, hafi sérstakan áhuga á friðun Melrakkaeyjar og verndun fuglalífsins þar.

Melrakkaey liggur undir Setberg í Eyrarsveit, sem er í eigu ríkisins. Nú liggur hins vegar fyrir Alþingi frumvarp um sölu Setbergs. Með tilliti til friðunar væri því eðlilegt að undanskilja Melrakkaey við jarðsöluna.

Jón B. Sigurðsson. Bj. Guðbrandsson.

Til menntamálanefndar Alþingis.

### Fylgiskjal IV.

#### LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 23. nóvember 1967.

Háttvirt menntamálanefnd Alþingis hefur óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um sölu prestssetursjarðarinnar Setbergs í Eyrarsveit.

Eftir að prestssetur var lagt niður á Setbergi samkvæmt lögum nr. 38 frá 1947, var jörðin í fardögum 1962 leigð í ábúð bónda, sem þar býr nú. Tún jarðarinnar er 12.97 hektarar, og jörðin hefur góð ræktunarskilyrði og búrekstrarskilyrði að öðru leyti.

Kæmist jörð þessi í sjálfsábúð, mundi það betur en nokkuð annað tryggja ábúð hennar. Núverandi ábúandi hefur aðallega rekið kúabú á jörðinni og hefur 15 nautgripi, 16 kindur og 30 hross.

Mæli ég því með samþykkt frumvarpsins að því er tekur til jarðarinnar Setbergs.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Til formanns menntamálanefndar Alþingis,  
Alþingi, Reykjavík.